

AUGLÝSING**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.
Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 2. desember 1991.

F. h. r.
Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 4. desember 1991.

F. h. r.
Guðmundur Benediktsson.

LÖG**um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið árið 1991, nr. 26/1991.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breyting verði á 1. gr. laganna:

Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein sem hljóði svo:

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 12.800.000 þús.kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1991.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Friðrik Sophusson.